

Fjelagslíf

Frá og með mánu-
deginum 23. des. til
7. jan. 1947, verður
Í.R.-húsinu lokað.
Húsvörður.

Þeir fjelags-
menn, sem ætla
að taka þátt í
áramótadans-
leik fjelagsins
riti nöfn sín á lista, er liggur
frammi á skrifstofu fjelags-
ins, V.R.-húsinu.

Tilkynning

K. F. U. M.

Á morgun, kl. 10,30 f. h.
sunnudagaskólinn, Y.D. og
V.D. (kirkjuferð). Kl. 5 e. h.
unglingadeildin. Kl. 8,30 e. h.
samkoma. Gunnar Sigurjóns-
son, cand. theol., talar.

Allir velkomnir!

Kaup-Sala

NOTUD HÚSGÖGN

Keypt ávalt hæsta verð. — Sött
heim. — Staðgreiðsla. — Sími
6891. — Fornverslunin Grettis-
götu 48.

I. O. G. T.

UPPLYSINGA- og
EJALPARSTÖÐ

Þingstúku Reykjavíkur er op-
n á mánudögum, miðvikudög-
um og föstudögum, frá kl. 2—
3,30 e. h. í Templarahöllinni
við Frikirkjuveg.

Aðstoð og hjálp verður
veitt, eftir því sem fäng eru
á, öllum þeim, sem í erfiðleik-
um eiga vegna áfengisneyslu
sín eða sinna. — Með öll mál
er farið sem einkamál.

Vinna

HREINGERNINGAR
gluggahreinsun. Sími 5113.
Kristján Guðmundsson.



Esja

fer samkv. áætlun vestur um
land í hringferð hinn 28. þ. m.
Tekið á móti flutningi í dag og
á mánudaginn. Pantarfar-
seðlar óskast sóttir fyrir há-
degi á föstudag.

Súðin

fer 2. jan. beint til Ísafjarðar,
snýr þar við og kemur við á
Vestfjarðahöfnum í suðurleið.
Pantarfar-seðlar óskast sóttir
og flutningi skilað á föstu-
dag og laugardag 27.—28. þ. m.

„Sverrir“

Áætlunarferð 27. þ. m. til
Snæfellsnes- og Gilsfjarðar-
hafna og Flateyjar. Vörumót-
taka á mánudag.

Dagbók

355. dagur ársins.
Fjórir dagar til jóla.
Nætlæknir er í lækna-
varðstofunni, sími 5030.
Nætlæknir er í Ingólfs
Apóteki, sími 1330.
Nætlækstur annast Litla
bilstöðin, sími 1380.
Ljósatími ökutækja er frá
kl. 14,50 til 10,00.
□ Helgafell 594612207 —
VI — 2.
□ Edda 594612274 — Jólá-
trje í Sjálfstæðishúsinu. Að-
göngumiðar fást í kaffistofunni
kl. 3 til 5 í dag .. og hjá S.:
M.

Messur á morgun:

Dómkirkjan. Messað kl. 11
f. h. Sr. Bjarni Jónsson (Barna
guðspjónusta). Engin síðdegis-
messa.

Frikirkjan. Engin messa á
morgun.

Hafnarfjarðarkirkja. Barna-
guðspjónusta kl. 11 f. h. Sr.
Garðar Þorsteinsson.

Kakólska kirkjan. Hámessu
í Reykjavík kl. 10 og í Hafnar-
firði kl. 9.

Hallgrímssókn. Engar messur
á morgun, sökum þess að
bíosalurinn í Austurbæjarskól-
anum, er notaður til annars.

Elinbjörg Jónsdóttir í Borg
arnesi verður sjötug í dag.

Fertugur er í dag Ingólfur
Pjetursson, Miðtúni 44.

Hjónaband. Í dag verða gef-
in saman í hjónaband af sjera
Ragnari Benediktssyni, Jónína
Nieljohnúsdóttir og Lárus
Guðmundsson, bifvjalavirki.

Hjónaband. Í dag verða gef-
in saman í hjónaband af sr.
Eiríki Brynjólfssyni ungrú
Sigrún Jónsdóttir, Stighúsum
og Kjartan E. Jóhannsson,
Fagralandi. — Heimili þeirra
verður Landakot, Sandgerði.

Hjónaband. Nýlega voru gef-
in saman í hjónaband af sr.
Jakobi Jónssyni ungrú María
Þorsteinsdóttir (kennara Sig-
urðssonar) og Hákon Kristins-
son, vjolvirki, Meðalholti 13.

Dr. Richard Beck hefir með
símskeyti beðið sr. Jakob Jóns-
son að flytja vinnu sínum og
skyldfólki hátíðarkveðjur frá
sjer og sínum. Sr. Jakob hefir
beðið blaðið að flytja lesend-
um sínum þessar kveðjur.

Það sem lagt er í jólapotta

Hjálpræðishersins fer til glað-
ings fyrir börn, gamalmenni og
einstaklinga.

Verkakvennafjelagið Fram-
sókn og Kvenfjelag Alþýðu-
flokksins hafa gefið 10 þús. kr.
til Hallveigarstaða til minning-
ar um frú Jónínu Jónatans-
dóttur og skal því varið í her-
bergi, er ber nafn hennar. —
Frú Jónína var stofnandi þess-
ara beggja fjelaga.

Evrópusöfnunin: Keflvik-
ingur 50 kr.

Ungversk börn: N.N. 25 kr.,
Ónefndur 30 kr., Ingibjörg G.
50 kr.

Þýskaland: Svava 100 kr.,
Ónefndur 50 kr.

Jólagjafir til blindra, hafa
borist Blindravinafjelagi Ís-
lands: Frá M.N. 100 kr., G.G.
100 kr., I. F. 100 kr., Gunnu 50
kr., I.E. 10 kr., Árna og Björg
50 kr. — Kærar þakkir. P. B.
— Tekið er á móti jólagjöfum
til blindra á skrifstofu Blindra
vinafjelags Íslands, Ingólfs-
stræti 16 og í Körfugerðinni.
ÚTVARPIÐ Í DAG:

8.30—9.00 Morgunútvarp.
12.10—13.15 Hádegisútvarp.
15.30—16.30 Miðdegisútvarp.
18.25 Veðurfregnir.
18.30 Dönskukensla, 1. fl.
19.00 Ensukensla, 2. fl.
19.25 Þingfrjettir.
20.00 Frjettir.
20.30 Útvarpstírið: Einleikur
og tríó.
20.45 Uppllestur og tónleikar:
a) Kaflar úr nýjum bókum.
b) Ýmis lög.

27000 Þjóðverjar fyrir rjett

Berlín í gærkvöldi.

27.000 Þjóðverjum verður
innan skams stefnt fyrir rjett,
sakaðir um að hafa verið
meðlimir í fjelagssköpum
þeim, sem sekir voru fundnir
við rjettarhöldin í Nürnberg.
— Þetta eru SS-sveitirnar,
Gestapo og öryggislögreglan.
Þýskir dómstólar munu
fjalla um mál þessara manna,
en vonað er, að rjettarhöldin
öll-taki ekki meir en eitt ár.

SJÓMAÐUR DÁÐADRENGUR



eftir W. W. JACOBS, í
þýðingu Haraldar Jóns-
sonar læknir, er tví-
mæla laust ein hin allra
besta og smellnasta
skemmtisaga, sem út
hefir komið á íslensku.

Bókin segir frá ensk-
um skipstjóra, geysi-
miklu kvennagulli og
kvennamanni, er kemst
í hin undarlegustu og
margvíslegustu æfin-
týri út af kvennamál-
um sínum.

Frásögnin er hvergi

grófgerð, en alls staðar svo meinfyndin og
skemmtileg, að slíkt er óvenjulegt, jafnvel
í bestu skemmtisögum.

Sjómáður dáðadrengr er afbragðs tækifærissgjöf.

Farmannaútgáfan.

Hraðfrystar agúrkur

(sneiddar)

Fást hjá eftirtöldum matvöruverslunum:

KRON, Skólavörðustíg 12,

KRON, Vesturgötu 15,

Síld og fiskur, Bergstaðastræti 37.

Hverjum pakka af hraðfrystum agúrkum fylg-
ir leiðarvísir eftir Helgu Sigurðardóttur, for-
stöðukonu Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

HÚSMÆÐUR!

Látið ekki agúrkur vanta á jólaborðið.

Skálafell h.f.

Hveragerði — Sími 50

Verzlunin Ásbyrgi

Lokað í dag kl. 9,30—2.



Móðir mín,

SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR,

andaðist í nótt.

Reykjavík, 20. desember '46.

Fyrir hönd barna hennar og tengdabarna,
Magnús Kjaran.

Unnusta mín

JÓHANNA SIGURBORÐ SVEINSDÓTTIR
frá Siglufirði andaðist á Vífilsstöðum 19. des.

Fyrir hönd aðstandenda

Sveinn Klemensson.

Móðir mín og systir,

HÓLMFRÍÐUR JÓNSDÓTTIR,

andaðist að sjúkrahúsinu Sólheimar í Reykja-
vík, aðfaranótt þess 20. þ. m.

Kveðjuathöfn fer fram frá Dómkirkjunni
laugardaginn 21. þ. m., kl. 5 e. h.

Magnús Sigmundsson

Jónína Jónsdóttir.

Faðir minn

HALLDÓR HALLGRÍMSSON klæðskeram.
andaðist aðfaranótt 20. des. á Landakots-
spítala.

Svava Halldórsdóttir.

Útför mannsins míns og föður okkar,

ÞÓRARINS SIGURÐSSONAR,

frá Úlfásá, Brekkugötu 18, Hafnarfirði, fer
fram mánudaginn 23. þ. m. og hefst með hús-
kveðju að heimili hans, kl. 10 f. h.

Herdís Guðmundsdóttir
og börn.

Þökkum innilega auðsýnda samúð, við andlát
og jarðarför konu minnar og móður okkar,

GUÐRÚNAR BLÖNDAL.

Ólafur Blöndal.

Inga Blöndal.

Björn A. Blöndal.